



Ársskýrsla Menntaskólans við Hamrahlíð 2020



mars 2021

Inngangur

Ársskýrsla skóla er meðal þeirra atriða sem áskilin eru af hálfu ráðuneytis í skólasamningi. Hún er ekki formbundin að öðru leyti en því að svokallur prófíll sem fylgir henni lýtur sniðmáti sem ráðuneytið leggur til. Skýrslunni, sem er fremur knöpp, er því alls ekki ætlað að vera ítarlegt yfirlit um starfsemi skólans á árinu heldur er hér stiklað á fáeinum atriðum og að nokkru vísað til hinnar árlegu sjálfsmatsskýrslu um frekari upplýsingar. Í skýrslunni er fjallað stuttlega um hvernig skólanum hefur gengið að ná árangursmælikvörðum sem hann hefur sett sér í stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila.

Efnisyfirlit

Nemendatölur	4
Námsbrautir	4
Listdans	5
Stöðumat í stað stöðuprófa	5
Kennsla, stjórnun og starfsmannahald	5
Umhverfismál	6
Fjármál	6
Framkvæmdir í MH	7
Samstarf við innlenda og erlenda aðila	7
Árangursmælikvarðar og markmið úr stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila	8
Að hækka hlutfall þeirra sem ljúka stúdentsprófi frá MH á þremur árum	8
Að auka starfsánægju og skilvirkni í rekstri	8
Lokaorð	10
„Prófill“	11

Nemendatölur

Fjöldi nemenda í byrjun vorannar 2020 var um 1090, þar af voru tæplega 30 eldri nýnemar sem komu úr öðrum skólum. Á haustönn var heildarfjöldinn rúmlega 1100, þar af 241 nýnemi (10. bekkingar) og tæplega 40 eldri nýnemar. Alls voru brautskráðir 269 stúdentar á árinu, 153 í maí og 116 í desember. Um vorið brautskráðust enn fremur 4 nemendur með framhaldsskólapróf eftir fjögurra ára nám á sérnámsbraut skólans. Alls voru nemendur brautskráðir af 8 brautum. Flestir brautskráðust af opinni braut eða 153 og 49 af náttúrufræðibraut. Stærstur hluti brautskráðra nemenda var úr Reykjavík eða 176, 44 komu úr Kópavogi en færri úr öðrum sveitarfélögum. Þá er til að taka að fáeinir tugir nemenda úr öðrum framhaldsskólum sækja nám í

norsku og sænsku í MH eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Einnig hafa nemendur úr öðrum skólum fengið að stunda nám í japönsku og kínversku við MH þar sem fáir skólar kenna þau tungumál. Nokkrir nemendur hurfu frá námi án þess að ljúka viðkomandi önn og einnig var eitthvað um að nemendur skráðu sig úr einstökum áföngum inni á miðri önn. Þegar árið er skoðað í heild kemur í ljós að nemendur

þreyttu próf í 95% þeirra eininga sem þeir voru skráðir í við upphaf annar. Afföllin voru því tæp 5% en þar af má ætla að nær helmingur sé vegna þeirra sem hættu alveg.

Ítarlegri nemendatölfræði er að finna í [sjálfsmatskýrslu](#) skólans.

Stúdentar frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 19. des 2020



Námsbrautir

Skólinn útskrifar stúdenta af átta brautum, þ.a. einni alþjóðlegri námsbraut. Haustið 2020 var hætt að

taka nemendur inn á tónlistarbraut en nemendur geta hins vegar valið tónlist sem kjörgrein á opinni braut. Auk þessara brauta er sérnámsbraut (fjölnámsbraut) við skólann þar sem 15 nemendur stunda nám að jafnaði og IB alþjóðleg braut til stúdentsprófs þar sem tæplega 90 nemendur stunda nám. IB-námsbrautin er í samræmi við kröfur IB-alþjóðasamtakanna. Fram að hausti 2019 þurfti að ljúka 215 einingum til stúdentsprófs við skólann en þá var einingum fækkað niður í 205 á öllum brautum nema listdans- og tónlistarbraut. Þar er einingafjöldinn áfram 215.



Ný námskrá fyrir listdansbraut var samþykkt haustið 2020 en listdanskólarnir þrír, þ.e. Listdanskóli Íslands, Klassíski listdanskólinn og Danslistarskóli JSB unnu saman að námskrárgerðinni.

Listdans

Skólinn hefur verið með þjónustusamninga við þrjá listdanskóla: Listdanskóla Íslands, Klassíka listdanskólann og Danslistarskóla JSB. Skólinn ber ábyrgð á skráningu áfanga og einkunna nemenda allra dansskólanna sem stunda nám við flesta framhaldsskóla höfuðborgarsvæðisins. Nemendur sem hafa verið brautskráðir af listdansbraut MH ljúka að jafnaði fleiri einingum til stúdentsprófs en nemendur hefðbundnu stúdentsbrautanna. Á árinu 2020 luku þeir að meðaltali 225 einingum, höfðu 10 einingar umfram lágmarksfjölda eininga sem þarf til að útskrifast. Haustið 2020 urðu breytingar þegar listdanskólarnir fóru að fá framlag úr ríkissjóði beint í gegnum styrkjakerfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins í stað þess að fjárframlagið færi í gegnum Menntaskólann við Hamrahlíð. Önnur breyting sem varð á samkomulaginu er að kennsla í listdanskögu fyrir skólana þrjá fer nú fram í Menntaskólanum við Hamrahlíð í stað þess að áfanginn sé kenndur í þremur mismunandi skólum.

Stöðumat í stað stöðuprófa

Skólinn hefur boðið nemendum upp á stöðumat í fjölmörgum tungumálum, m.a. spænsku, ensku, dönsku, þýsku, ítölsku, frönsku, hollensku, víetnömsku, persnesku, pólsku, o.fl. Vandasamt er að finna matsmann/kennara í sumum þessara tungumála en nokkur vinna hefur fallið á starfsfólk skólans vegna þessa. Nemendur eru ánægðir með þessa þjónustu og hefur skipulag stöðumats verið í höndum námstjóra erlendra tungumála. Nokkuð hefur borið á því að aðrir skólar óski eftir að þeirra nemendur gangist undir stöðumat í greinum sem aðeins eru kenndar við MH. Hafa kennarar skólans verið viljugir að leysa slík mál en einnig hefur MH vísað eigin nemendum á stöðupróf í öðrum skólum, t.d. í pólsku. Árleg stöðupróf í norsku og sænsku eru haldin í MH og sækja þau jafnan nemendur af landinu öllu.



Kennsla, stjórnun og starfsmannahald

Starfsmenn sem önnuðust kennslu árið 2020 voru 86, langflestir í fullu starfi. Vikulegur kennslustundafjöldi í dagskóla var að jafnaði 1600-1700 talsins. Kennslustundirnar eru ætíð færri á vorönn þegar færri nemendur stunda nám við skólann en á haustönn. Yfirstjórn skólans mynda rektor, konrektor og áfangastjóri ásamt fjármálastjóra. Námsgreinar og tilheyrandi kennarar skiptast í þrjár deildir: Deild erlendra tungumála, deild samfélagsfræða (félagsgreinar, íslenska og saga) og deild náttúrufræða (raungreinar, íþróttir og stærðfræði). Forsvarsmenn þessara deilda kallast námstjórar og

eru þeir í 50% starfi við stjórnun. Aðrir millistjórnendur (í hlutastörfum sem slíkir) á kennslusviði eru IB-stallari og deildarstjóri sérnámsbrautar (fjölnámsbrautar). Tveir starfsmenn annast almenna afgreiðslu á skrifstofu og bókhaldsstörf í samtals 1½ stöðugildi. Náms- og starfsráðgjafar eru þrír í samtals 2,8 stöðugildum, sálfræðingur er í 0,8 stöðugildi og bókasafnsfræðingar eru tveir í 1,8 stöðugildi. Í námsveri skólans starfa þrír kennarar í tveimur stöðugildum. Skjalastjóri er í 0,5 stöðugildi og persónuverndarfulltrúi í 0,2 stöðugildi. Þrír starfsmenn annast umsjón húsnæðis, tölvu- og tæknimála og matráður sér um mötuneyti starfsfólks ásamt aðstoðarmatráði. Ellefu manns vinna við ræstingar í u.þ.b. 7 stöðugildum.

Umhverfismál

Ötullega var unnið að umhverfismálum út frá nokkurra ára markmiði um að MH yrði grænfánaskóli. Árangur þess starfs hefur nú verið staðfestur af Landvernd tvisvar sinnum, nú síðast í nóvember 2019. Stefnt er að því að halda þessu góða starfi áfram og að skólinn verði Grænfánaskóli til framtíðar.


Skólinn hóf þátttöku í grænum skrefum ríkisstofnana í lok árs 2020 en það er Umhverfisstofnun sem heldur utan um verkefnið. Skipaður var vinnuhópur starfsfólks sem heldur utan um verkefnið innanhúss. Stefnt er að úttekt á fyrsta skrefinu í byrjun árs 2021. Skólinn hefur lagt áherslu á að hvetja til umhverfisvænna samgangna og býður starfsfólki samgöngustyrk. Einnig geta nemendur tekið áfanga í íþróttum sem heitir hjólum í skólann.

Fjármál

Fjárhagsstaða skólans er góð og vel innan marka fjárheimilda fyrir árið 2020.

Á árinu 2020 voru heildarútgjöld skólans um 1.70,7 millj. kr. sem var um 18,6 millj. kr. minna en nam fjárveitingum og tekjum. Því batnaði rekstrarstaða skólans á árinu sem nemur þeirri fjárhæð og er hrein eign skólans í árslok 64,2 millj. kr.

<hr/>	
Tekjur	- 1.789.311.629
Gjöld	1.770.712.314
<hr/>	
Afgangur	- 18.599.315



Fjárfestingar á árinu 2020 námu samtals 21 millj. kr. Þær fólust einkum í endurnýjun á húsgögnum í kennslustofum, um 16 millj. kr., og tölvubúnaði, um 5 millj. kr.

Framkvæmdir í MH

Skólinn skilar framkvæmdaáætlun til Ríkiseigna á hverju ári. Í samvinnu við Ríkiseignir og arkitekta hússins er búið að gera framkvæmdaáætlun til fimm ára. Á árinu 2020 voru gerðar miklar endurbætur innanhúss í skólanum og allri aðstöðu fyrir nemendur hefur verið gjörbylt. Meðal helstu framkvæmda má nefna endurnýjun á almenningssalernum við Matgarð og endurnýjun á loftum, ljósum og rafmagni í sex eldri kennslustofum. Leiklistaraðstaða Leikfélags NFMH var stækkuð, tengingangur var settur upp á milli Norðurkjallara og almenningssalerna og gerðar geymslur fyrir nemendafélagið. Auk þess voru mörg smærri verk unnin innanhúss og húsgögn endurnýjuð. Á næstu árum eru frekari framkvæmdir fyrirhugaðar til að bæta aðstöðu nemenda og starfsfólks og fegra umhverfi skólans.

Samstarf við innlenda og erlenda aðila

Skólinn er í samstarfi við International Baccalaureate samtökin um nám til alþjóðlegs stúdentsprófs sem kennt er á ensku. Samstarfið felur í sér skuldbindingu stjórnenda og kennara að sækja námskeið sem IB-samtökin bjóða upp á.

Sem fyrr hefur skólinn samvinnu við Listdansskóla Íslands, Danslistarskóla JSB og Klassíska listdansskólann vegna listdansnáms. Þjónustusamningur við hvern og einn skóla kveður á um að MH kaupi kennslu í sérgreinum miðað við tiltekinn nemendafjölda að hámarki en samtals er um að ræða tæplega 80 ársnemendur í skólunum fjórum. Í ágúst urðu þær breytingar að MH gerir ekki lengur sérstaka þjónustusamninga við hvern og einn skóla heldur gera listdansskólarnir sérstakan þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðueytið.

Skólinn hefur einnig gert samstarfssamning við Menntaskóla í tónlist (MÍT) þar sem nemendur hans taka bóklegan hluta námsins í MH. Á haustönn 2020 voru rúmlega 20 nemendur sem stunduðu nám í MÍT og MH.

Skólinn er þátttakandi í tveimur ERASMUS verkefnum næstu tvö árin og eru það kennarar mismunandi faggreina sem stýra verkefnum.

Skólinn er í samstarfi við nokkra aðila í tengslum við tungumálakennslu. Þar má nefna samstarf við Agnebergsgymnasiet í Uddevalla í Svíþjóð um gagnkvæm nemendaskipti vegna sænskukennslu og nýtur verkefnið styrks ár hvert frá sænska sendiráðinu. Samstarf við Kofúsíusarstofnunina Norðurljós við Háskóla Íslands um kínverskukennslu hefur staðið frá árinu 2011. Það felur í sér að stofnunin leggur skólanum til kínverskukennara gegn endurgjaldi sem fer eftir nemendafjölda. Samstarfið gerir MH kleift að halda úti kínverskukennslu þótt um fáa nemendur sé að ræða. Ítölsk stjórnvöld hafa um árabíl styrkt ítölskukennslu við skólann en skólinn er sá eini sem kennir tungumálið í dagskóla.

Enn fremur er samvinna við nokkra grunnskóla um að nemendur þeirra taki byrjunaráfanga í MH sem valgrein í 10. bekk, einkum í stærðfræði, íslensku og ensku. Grunnskólarnir sjá alfarið um kennsluna og nemendurnir taka próf í viðkomandi áfanga MH á prófatíma í maí.

Grænfánaverkefnið, eins og áður hefur komið fram, er sem fyrr unnið í samstarfi við Landvernd.

Í áratugi hefur skólinn verið í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ um móttöku og þjálfun kennaranema. Að jafnaði eru 10-15 kennaranemar í húsi sem fá þjálfun og menntun í mismunandi faggreinum.

Á [heimasíðu skólans](#) eru nánari upplýsingar um yfirstandandi verkefni.

Árangursmælikvarðar og markmið úr stefnumiðaðri áætlun ríkisaðila

Skólinn hefur sett sér metnaðarfull markmið og árangursmælikvarða sem tengjast ólíkum þáttum starfseminnar. Tekist hefur að uppfylla sum markmiðin að fullu, sum að hluta en hægar gengur með önnur.

Að hækka hlutfall þeirra sem ljúka stúdentsprófi frá MH á þremur árum

Eitt af meginmarkmiðum skólans er að fleiri nemendur ljúki stúdentsprófi á sex önnum (þremur árum) og að einingum sem nemendur ljúka á ári fjölgji. Á árinu 2020 luku um 44% nemenda náminu á þremur árum og nemendur skólans luku að jafnaði rúmum 50 einingum á ári. Þess ber að geta að nokkuð stór hópur stundar hlutanám (t.d. í norsku, sænsku og nemendur frá Menntaskóla í tónlist) og hefur það áhrif á meðaltal lokinna eininga. Fjölmargir nemendur eru lítt uppteknir af því að ljúka náminu á þremur árum, leggja áherslu á að fá góðan undirbúning fyrir nám á háskólastigi og taka því umframeiningar.

Lögð er sérstök áhersla á að hækka nýtingarhlutfall, þ.e. fjölga nemendum sem gangast undir lokapróf í áföngum og útskrifast þar af leiðandi á réttum tíma. Síðustu misseri hefur þetta hlutfall haldist stöðugt í kringum 95%.

Til að styðja betur við nám nemenda þá þurfa nemendur sem hyggja á úrsögn að fá ráðgjöf hjá náms- og starfsráðgjöfum, námstjórum eða áfangastjóra. Þetta úrræði hefur gefið góða raun og haft jákvæð áhrif á nám nemenda.

Nánari tölfræðiupplýsingar er að finna í [sjálfsmatsskýrslu MH](#).

Að auka starfsánægju og skilvirkni í rekstri

Skólinn hefur lagt metnað í að auka starfsánægju og skilvirkni í rekstri. Síðastliðið ár varð skólinn nr. 5/83 í könnuninni Stofnun ársins í flokki stærri stofnana ríkisins. Skólinn hækkaði um 8 sæti milli ára sem er einkar jákvæð niðurstaða. Starfsmannasamtöl eru í reglulegu ferli. Starfsfólki hefur verið boðinn

Samgöngustyrkur til að hvetja til vistvænna samgangna og heilbrigðs lífarnis. Einnig er boðið upp á líkamsræktarstyrk fyrir starfsfólk. Alls nýttu tæplega 30 starfsmenn sér samgöngustyrk og hátt í 40 sóttu um líkamsræktarstyrk. Markviss upplýsingagjöf er komin í fast ferli með vikupistlum rektors til starfsmanna og hefur þeim verið vel tekið. Auk þess er rafrænt fréttabréf sent á aðstandendur nemenda tvisvar sinnum á haust- og vorönn og hefur því verið afar vel tekið. Fréttabréfin eru aðgengileg á heimasíðu skólans á íslensku og ensku.

Rafrænt skjalastjórnarkerfi, GoPro, var innleitt 2019 og ráðið var í stöðu skjalastjóra og persónuverndarfulltrúa. Málalýkill og verkferlar voru undirbúnir 2018-2019 og í dag eru stjórnendur og skrifstofa virkir notendur skjalastjórnarkerfisins. Í dag hafa 724 mál verið stofnuð í GoPro og skjöl í kerfinu eru 1900. Þjóðskjalasafn hefur samþykkt allmargar grisjunarbeiðnir skólans og skil á 30 ára og eldri gögnum til þjóðskjalasafns eru hafin.

Undirbúningur undir jafnlaunavottun hófst fyrir alvöru vorið 2019. Stýrihópur um jafnlaunakerfi vann að skipulagi kerfisins og innleiðingu en hópinn skipa rektor, konrektor, fjármálastjóri og skjalastjóri. Skólinn fékk jafnlaunavottun í júní 2020 og hlaut afar jákvæða umsögn úttektaaðila.

Eitt af markmiðum skólans er betri nýting fjármuna. Skólinn leggur metnað í að leita tilboða um kaup á búnaði frá fyrirtækjum sem eru með rammisamning við ríkið. Einnig er haft reglulegt eftirlit með fjárhagsstöðu með mánaðarlegum fundum stjórnenda og fjármálastjóra.

Lokaorð

Skólastarfið árið 2020 einkenndist af fjölbreyttum áskorunum þar sem reyndi á ólíka hæfni, þekkingu og leikni. COVID-19 setti svo sannarlega strik í reikninginn og var skólahald með óhefðbundnu sniði stærstan hluta ársins. Kennarar og annað starfsfólk skólans á hrós skilið fyrir hvernig það tókst á við erfiðar og krefjandi aðstæður sem eiga sér engin fordæmi í sögu skólans. Kennarar sýndu ótrúlega vinnusemi og hugmyndaauðgi í því að útfæra kennsluna á framandi vettvangi þar sem miklum tíma var varið á bak við tölvuskjáinn. Nemendur stóðu sig ótrúlega vel á erfiðum tímum og var brotthvarf og námsárangur sambærilegur fyrri árum. Það er mikilvægt að við drögum lærdóm af því sem hefur komið upp á tímum COVID-19 og hægt er að fullyrða að engar aðstæður verða kennurum og starfsfólki framandi eftir þessa reynslu. Það er von mín að ársskýrslan dragi fram heildstæða sýn á skólastarfið og þær áskoranir sem blasa við í framtíðinni.

MH, 20. mars 2020
Steinn Jóhannsson
rektor

„Prófill“

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna: MH er skóli með tæplega 1100 nemendur og liðlega 120 starfsmenn í 10.000 fermetra húsnæði. Áætlaðir ársnemendur samkvæmt fjárlögum 2020 voru 1076.

Námsframboð: Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Starfræktar eru eftirfarandi brautir við skólann skv. aðalnámskrá framhaldsskóla: Félagsfræðabraut, málabraut, náttúrufræðibraut, opin braut og listdansbraut til stúdentsprófs. Samkvæmt sérstakri námskrá International Baccalaureate Organization og heimild menntamálaráðherra frá 1997: IB-námsbraut, þ.e. nám til samræmds alþjóðlegs stúdentsprófs. Þá er starfsbraut (sérnámsbraut/fjölánámsbraut) við skólann með vísan framhaldsskólalaga og laga um málefni fatlaðra.

Framkvæmd markmiða: Markmiðin sem fram koma í viðauka við skólasamning hafa sum náðst að fullu en önnur voru áfram í farvegi. Skólinn hefur verið rekinn innan fjárheimilda. Að öðru leyti má vísa til tímabundinna (deili)markmiða og framgangs þeirra í sjálfsmatskýrslu ársins.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat: Í [sjálfsmatskýrslu](#) eru sett markmið fyrir ýmsa þætti skólastarfsins. Unnið var að fjölbreyttum umbótamarkmiðum. Á árinu var m.a. lögð áhersla á skjalamál, jafnlaunavottun, endurnýjun tölvu- og húsbúnaðar og umhverfismál. Auk þess var ákveðið að auka þjónustu við nemendur með því að hækka starfshlutfall í náms- og starfsráðgjöf og bjóða upp á stoðtíma í raungreinum.

Úttektir: Skólinn fékk niðurstöður ytri úttektar í hendurnar snemma árs 2017. Niðurstaðan reyndist jákvæð og athugasemdir minniháttar. [Skýrsla úttektaraðila](#) er aðgengileg á heimasíðu Menntamálastofnunar. Auk þess fór skólinn í gegnum sjálfsmat á IB-náminu 2018 og tóku IB-samtökin út matið.

Afkoma, rekstrarstaða: Heildarútgjöld árið 2020 voru 1770 millj. kr sem er í samræmi við áætlanir.

Brottfall: Brotthvarf nýnema var undir 4% sem er í samræmi við stefnu skólans.

Stjórnun: Auk rektors Steins Jóhannssonar er konrektor Helga Jóhannsdóttir, áfangastjóri Guðlaugur Pálmi Magnússon, fjármálastjóri Signý Marta Böðvarsdóttir, þrír námstjórar, deildarstjóri IB-náms og deildarstjóri sérnámsbrautar.

Samvinna við aðra:

Samvinna við IB-samtökin vegna alþjóðlegs stúdentsprófs sem MH býður upp á. Listdansskóli Íslands, Danslistarskóli JSB og Klassíska listdansskólinn eru samstarfsskólar um listdanskennslu. Konfúsíusarstofnunin Norðurljós við HÍ er í samstarfi vegna kínverskukennslu. Samvinna við grunnskóla er vegna framhaldsskólaáfanga grunnskólanema. Við Menntaskóla í tónlist er samstarf varðandi bóklega áfanga nemenda á stúdentsbrautum. Skólinn er í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ um móttöku og þjálfun kennaranema. Samstarf við Landvernd er vegna grænfánaverkefnis og Umhverfisstofnun um Græn skref ríkisstofnana.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans: Undirbúningur fyrir háskólanám, ríkulegt val nemenda, umsjón með norsku- og sænskukennslu á framhaldsskólastigi, alþjóðleg námsbraut, kjarnaskóli í listdansi, skólakór Menntaskólans við Hamrahlíð.